

## Ríkisfang: Ekkert. Flóttinn frá Írak á Akranes

Bókarhöfundur: **Sigríður Víðis Jónsdóttir**

Bókarheiti: **Ríkisfang: Ekkert. Flóttinn frá Írak á Akranes**

Gagnrýnandi: **Davíð Logi Sigurðsson** sagnfræðingur

Útgáfa: **Mál og menning, Reykjavík 2011, 380 bls.**

### Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Sigríður Víðis hefur hér unnið mikið þrekvirki, skilað bók sem er mikilvægt að sem flestir Íslendingar lesi. Sagan á erindi til okkar, ef ekki nema fyrir þá sök að það er mikilvægt að við skiljum hvers konar þjáningar flóttafólks gjarnan hefur mátt ganga í gegnum, og hvers vegna Íslendingar hafa viljað leggja sitt af mörkum til að hjálpa þeim sem lenda í slíku óláni.“

### Leiksoppar örlaganna

Snemma í bók sinni, *Ríkisfang: Ekkert*, lýsir Sigríður Víðis Jónsdóttir aðstæðum í Al Waleed-flóttamannabúðunum í Vestur-Írak. Búðirnar eru í eyðimörkinni, skammt frá landamærunum að Sýrlandi. Ofsahiti þjakar íbúa búðanna á sumrin en á veturna verður nístingskalt. Sandryk smýgur inn í allar glufur, stundum ætlar eyðimerkurvindurinn að hrífa með sér tjöldin, sem fólkið kúldrast í á meðan það bíður þess sem verða vill. Flestir hafa mátt sjá á eftir nánnum ættingjum, allir eru á flótta undan vargöld, sem geisar í Írak. Hér ræður eymdin ríkjum.

Sigríður Víðis heimsótti Al Waleed-flóttamannabúðirnar í mars 2009 í þeim tilgangi að safna efni í bók sína, *Ríkisfang: Ekkert*, sem fjallar um átta palestínskar konur og tuttugu og eitt barn frá Írak sem flúðu grimm örlög í Bagdad og enduðu á þessum drungalega stað í eyðimörkinni, allt þar til boð barst frá íslenskum stjórnvöldum um hæli sumarið 2008. Sex kvennanna voru ekkjur (fimm þeirra höfðu misst menn sína í öldu ofbeldis sem reið yfir Írak eftir 2003), tvær voru fráskildar. Við blasti tækifæri til að byrja nýtt líf – en það er ekki eins einfalt og það hljómar, að rífa sig upp með rótum og halda út í óvissuna. Slíka ákvörðun taka bara þeir, sem engra annarra kosta eiga vöð.

Það eru óneitanlega skrýtin örlög, að tilheyrja þjóð sem kennir sig við Palestínu, en hafa samt aldrei þangað komið. Alast upp í Írak án þess að hljóta þar nokkurn tímann ríkisfang – þurfa svo að flýja sökum ofsókna og eiga þá í engin hús að venda – enda í illa búnum flóttamannabúðum í eyðimörk, og loks á Akranesi, af öllum stöðum, smábæ á litla Íslandi, svo fjarska langt í burtu. Fjarlægðin er ekki bara landfræðileg, Bagdad og Akranes eiga lítið sameiginlegt.

Þetta er dramatísk saga, sannarlega safaríkur efniviður í góða bók.

Og Sigríður Víðis hefur hér unnið mikið þrekvirki, skilað bók sem er mikilvægt að

sem flestir Íslendingar lesi. Sagan á erindi við okkur, ef ekki nema fyrir þá sök að það er mikilvægt að við skiljum hvers konar þjáningar flóttafólk hefur gjarnan mátt ganga í gegnum, og hvers vegna Íslendingar hafa viljað leggja sitt af mörkum til að hjálpa þeim sem lenda í slíku óláni.

Allt frá atburðunum 1948 sem mörkuðu upphaf Ísraelsríkis, þegar þúsundum araba var stökkt á flótta frá heimilum sínum, hafa Palestínumenn verið dreifðir um allar jarðir. Sumir flúðu norður á bóginn 1948 – eftir atburðina sem Palestínumenn kalla aldrei neitt annað en „nakba“, eða hörmungarnar – enduðu í Líbanon og blönduðust seinna með afgerandi hætti inn í blóðugt borgarastríð sem þar var háð og búa nú við ömurlegar aðstæður, mikla fátækt og fordóma. Aðrir enduðu í Sírylandi og hafa það sýnu betra í dag, en búa þó sömuleiðis við ríkisfangsleysi og allt sem því fylgir. Þeir sem enduðu í Jórdaníu – en Jórdanía er það land sem hýsir langflesta palestínska flóttamenn – fengu hins vegar vegabréf og búa við býsna stöðug kjör, hafa aðgang að þjónustu hins opinbera og þar fram eftir götunum.

Svo eru þeir sem búa annars vegar á Vesturbakkanum, svæðinu sem frá 1967 hefur sætt hernámi Ísraels en nýtur nú takmarkaðrar sjálfstjórnar; og hins vegar á Gaza, einangraðir frá umheiminum og hneptir í viðjar fátæktar, langþjáð fórnarlömb stríðsátaka. Loks eru það arabarnir sem héldu kyrru fyrir 1948 og enduðu sem þegnar hins nýja ríkis gyðinga. Þeir eru *bluti af minnihluta* í landi þar sem aðrir fara nú með húsbóndavald.

Örfáir fóru lengra, enduðu austur í Írak.<sup>i</sup>

Margvíslegir múrar hafa legið á milli fólks, samneyti engan veginn einfalt, stundum alls ekki mögulegt, þó að oft sé ekki um að ræða langar vegalengdir sem skilja á milli.<sup>ii</sup>

Eins og aðrir arabar, sem flúðu heimahaga sína 1948, væntu Palestínumennirnir, sem enduðu í Írak, þess að þeir myndu senn snúa aftur heim, fólk hafði húslyklana sína tilbúna í vösum sínum, engum datt annað í hug en að útlegðin yrði skammvinn. En svo liðu árin og varanleiki þessa hlutskiptis rann upp fyrir mönnum. Palestínumenn í Írak höfðu það hins vegar ekki slæmt og nutu lengstum velvildar ráðamanna. Saddam Hussein var einkum og sérílagi áfram um að sýna að hann væri sannur leiðtogi allra araba og almennur verndari Palestínumanna, eins og Sigríður Víðis rekur í bók sinni.

Allt fór hins vegar á hvolf fyrir Palestínumönnum í Írak – eins og fyrir flestum, ef ekki öllum, öðrum íbúum landsins – í kjölfar árásar Bandaríkjamanna í mars 2003. Verndarinn var ei meir og það sem verra var, þeir sem álitu Saddam (réttilega) hafa verið kúgara gerðu Palestínumenn nú að skotmarki sínu, sökum þeirrar stöðu sem þeir höfðu notið í tíð harðstjórans. Sigríður Víðis rekur þessa sögu nokkuð rækilega og tekst mjög vel upp þegar hún lýsir því hvaða afleiðingar þessi þróun hafði á líf sögupersóna hennar, kvenna og barna sem síðan enduðu á Akranesi. En að hinu ber að gæta, að Palestínumenn voru auðvitað ekki eini hópurinn sem lenti í hringiðu ofbeldisins sem leystist úr læðingi og sennilega náði hámarki árin 2006 og 2007 þegar dauðasveitir fóru um Bagdad og „þjóðernishreinsuðu“ heilu borgarhverfin. Ýmsir minnihlutahópar (ekki aðeins Palestínumenn) lentu sérlega illa úti í þessu gerningaveðri.<sup>iii</sup>

Sigríður Víðis rekur í bók sinni sögu tveggja kvenna sérstaklega, sem nú búa á Akranesi: þeirra Línu og Aydu. Lína er yngri, maður hennar var myrtur af dauðasveitum

í djöfulganginum sem reið yfir Bagdad 2006; Ayda var hins vegar miðaldra ekkja, með þrjú börn á sínu framfæri, en þjökuð af sama óttanum og öörygginu, skyndilega var hún farin að mæta andúð og illgirni hvarvetna, hótunum um að henni væri sæmst að hafa sig á brott.

Sigríður Víðis býr yfir þeim fágætu eiginleikum að geta fundið til ríkrar samhygðar með venjulegu fólki, sem býr við allt annað en venjulegar aðstæður. Frásögn hennar af því þegar Ayda er að heimsækja innanríkisráðuneytið til að sækja um endurnýjun dvalarleyfis í Írak er eftirminnileg; en áður höfðu Palestínumenn ekki þurft að hafa áhyggjur af slíku. Núna stóð Ayda skyndilega í þeim sporum, að vera sagt að leyfin þyrfti að endurnýja mánaðarlega og að hún yrði að koma með öll börn sín í hvert skipti. Árið var 2005, Ayda var 45 ára og hafði búið alla sína ævi í Írak – en nú stóð hún sem sagt frammi fyrir því, að vera gefið til kynna að óvíst væri um það hvort hún og börn hennar fengju yfirhöfuð að vera í landinu. Engin furða að fólki fyndist sem fótunum hefði verið kippt undan tilveru þess.

Lína má hins vegar lifa með þá vitneskju, að maður hennar var myrtur á sérlega hroðalegan hátt. Bókarhöfundur gerir rétt í því að lýsa nokkuð nákvæmlega hver afdrif hans urðu, sá lestur er ekki fyrir viðkvæma en mikilvægt er að lesandanum sé ekki hlíft við þeirri martröð, sem þetta fólk mátti upplifa.

Sigríði Víðis tekst einnig sérlega vel upp í kaflanum þar sem hún gerir grein fyrir vettvangsheimsókn sinni til Ísraels, þar sem hún skoðar rústir hússins sem faðir Línu ólst upp í gömlu Palestínu. Þaðan talar Sigríður við gamla manninn í síma, lýsir fyrir honum landi sem hann hefur ekki augum litið í sextíu ár. Þetta er sérlega sterkur kafli, kemur hálf í hvoru sem útúrdúr í bókinni, en bætir hana og styrkir, veitir skírskotun til sögunnar.

Frásögnin af vettvangsferð Sigríðar í Al Waleed-flóttamannabúðirnar, á landamærum Íraks og Sýrlands, er annar hápunktur þessarar bókar. Sigríður hittir m.a. Sama, dóttur Aydu, unga konu sem hafði gengið í hjónaband ekki löngu áður en Íslandsför komst til skjalanna, en sökum þess að sú stefna hafði verið mörkuð af íslenskum stjórnvöldum að tekið skyldi á móti konum og börnum eingöngu stóð dótturinni ekki til boða að koma með, enda nú með mann sér við hlið (aðkoma íslensku flóttamannanefndarinnar að máli írösku Palestínumannanna kom til undir formerkjum verkefnis sem kallað var *Women at Risk*).

Seinna í bókinni fáum við að vita að frekari harmur á eftir að dynja yfir Sama – og móður hennar, Aydu, þó að hún sé víðs fjarri, komin til Íslands – en Sama missir son sinn, skömmu eftir að hann fæðist – aðstæður á spítölum í nálægum byggðarlögum til að fæða barn alls ekki vel til þess fallnar að tryggja öryggi móður eða kornabarns. Sú spurning kemur upp hvort íslensk stjórnvöld gætu tekið við dóttur Aydu og tengdasyni, í ljósi aðstæðna, og getur Sigríður Víðis þess sérstaklega að starfsfólk Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) hafi haft samband við flóttamannanefnd til að ámálga þetta. Aydu verður ekki að ósk sinni, hvað þetta varðar, en tekur niðurstöðunni af æðruleysi. Sólarglæta lýsir síðan inn í líf Sama í bókarlok, þá er hún komin til Bandaríkjanna, hefur fengið hæli þar með manni sínum, verið heimt úr helju líkt og Ayda, móðir hennar. Það sama má segja um ýmsa ættingja Línu, þau fá

hæli í Noregi. Þetta eru gleðitíðindi, vissulega, en samt kemst lesandinn ekki hjá því að finna til með fólki sem nú hefur enn mátt sæta því, að vera tvístrað um allar jarðir.

Það er fagnaðarefni hversu góðar viðtökur þessi bók hefur fengið. Það hefur sýnt sig að Íslendingar hafa áhuga á erlendum málefnum – ekki síst ef það er til íslenskur flötur, eins og á við í þessu tilfelli, og ef málin eru tekin sjálfstæðum tókum, eins og Sigríður Víðis gerir fádæma vel. Hún hefur ráðist í mikið og stórt verkefni, hér er nefnilega ekki bara sögð saga nokkurra einstaklinga, því að stóra baksvið bókarinnar er sextíu ára saga sviptivinda í Mið-Austurlöndum, samskipti sjáa-múslíma og súnní, umdeild árás Bandaríkjanna á Írak 2003 og afleiðingar hennar, og svo framvegis. Frásögnin er byggð á viðtölum en einnig á umfangsmikilli heimildarýni og vantar þar ekkert upp á, nema hvað ég leyfi mér að gera *ágreining* við höfundinn um að tilvísanir þurfi endilega að „trufla framvindu sögunnar“ (bls. 10). Þetta er auðvitað léttvægt atriði því að tilvísanir eru til staðar. Sigríður hefur einfaldlega tekið þann kost að skrá tilvísanir aftast; eftir köflum, blaðsíðum og fyrstu orðum í setningu, sem er aðferð sem maður sér einkum notaða í bókum vestan að.

Sigríður Víðis er sjálf frá Akranesi, þekkir það samfélag sem hópurinn frá Írak er nú hluti af, en jafnframt hefur hún dvalist um tíma á upprunastað þeirra, í Mið-Austurlöndum. Þetta nýtir hún sér til að skapa nálægð við viðfangsefnið. Hún notar mikið þá aðferð að stökkva á milli í tíma og rúmi; eina stundina erum við í Bagdad, þá næstu uppi á Akranesi, árið er 2003, svo 2008 og svo kannski 1948. Oft er jafnframt stokkið úr sögulegri frásögn inn í hug söguhetjanna, þar sem þær lýsa tilfinningum sínum gagnvart atburðum sem eru að gerast í hinu víðara samhengi á tiltekinni stundu. Þessi stílbrögð virka í heildina vel, þó að frásögnin verði óhjákvæmilega svolítið slitrótt á köflum.

Það sem kannski má gagnrýna við þessa gagnmerku bók er að hún er of stutt. Einkum og sér í lagi hefði höfundurinn mátt gera sér meiri mat úr Íslandsþætti sögunnar. Megintextinn nær yfir 309 blaðsíður en það er aðeins á síðustu þrjátíu síðunum sem farið er yfir það sem á daga þeirra Línu og Aydu og allra hinna hefur drifið síðan þau settust að á Íslandi. Fram kemur að foreldrar Línu og fjögur systkini fengu hæli í Noregi og Lína fer þangað og heimsækir þau, en hún kynnist líka manni á Íslandi, giftir sig og eignast barn 2009 – allt þetta er rakið í örstuttu máli, líkt og um eftirmála sé að ræða. Vel hefði hins vegar farið á því að gera þessu betri skil, dýpka umræðuna með því t.d. að setja í samhengi við reynslu UNHCR almennt af því hversu vel flóttafólki tekst að hefja nýtt líf á nýjum stað, hvaða erfiðleikum flóttafólk gjarnan mætir og svo framvegis.<sup>iv</sup>

Hér má nefna, að það er vikið að því í lokin, að ein kvennanna, sem kom til Íslands, hafi horfið af landi brott með börn sín þrjú en síðan snúið aftur. Að hún hafi átt mjög erfitt undanfarin misseri. Hér vakna spurningar, sem ekki er fyllilega svarað í bókinni. Vitaskuld getur verið, að umrædd kona hafi ekki viljað að þessi saga væri sögð. En um það veit lesandinn ekkert. Svo er hitt, að lesandinn veit ekki heldur hvað réði vali höfundarins á þeim Línu og Aydu sem aðalpersónum frásagnarinnar. Í fljótu bragði sýnist manni sem saga ýmissa annarra úr hópnum hefði verðskuldað að vera tekin fyrir með sama hætti en meginþættir frásagna allra kvennanna, sem hingað kom, eru raktir, en sumir þó aðeins stuttlega.

## Aftanmálgreinar

- <sup>i</sup> Margir Palestínumenn hafa hrakist úr einu í annað, mátt þola ítrekuð „nakba“, ef svo má að orði komast, svo sem þeir Palestínumenn í Líbanon sem þurftu að færa sig um set þegar búðir þeirra voru lagðar í rúst í borgarastríðinu þar, sumir oft en einu sinni.
- <sup>ii</sup> Sem dæmi má nefna að í Líbanon búa Palestínumenn sem einkum komu af nyrstu svæðum þess sem nú er Ísrael. En arabar sem ekki flúðu 1948, heldur héldu kyrru fyrir og urðu síðan ísraelskir ríkisborgarar, geta ekkert samneyti haft við ættmenni sem kunna að vera í Líbanon og búa kannski bara í 200 km fjarlægð. Landamærin eru kirfilega lokað og samskipti Ísraels og Líbanons eldfim, ekki nema fimm ár frá síðasta stríði þeirra í millum.
- <sup>iii</sup> Hér rifjast upp viðtal sem ég tók í Amman í Jórdaníu vorið 2007 við fjölskyldu af trúflokki, *mandaeen sabeans*, hvers fylgismenn telja að Jóhannes skírari hafi verið helsti trúboði drottins, en ekki Jesús Kristur eða Múhamed. Talið er að í valdatíð Saddams hafi verið um 30 þúsund manns af þessum trúflokki í Írak en þessi minnihlutahópur sætti fljótt ofsóknum, líkt og Palestínumenn, og hafði fjölskylda þessi neyðst til að flýja Bagdad strax í apríl 2004. Viðtal þetta, „Ofsóknirnar hófust strax“, var hluti af úttekt sem birtist í *Morgunblaðinu* 15. og 16. apríl 2007 um straum flóttamanna frá Írak. Sjá einnig bók mína, *Velkominn til Bagdad. Ótti og örlög á vígvöllum stríðsins gegn bryðjuverkum* (Skrudda, 2007).
- <sup>iv</sup> Sigríður Víðis gerir á einum stað skil þeim úrtöluröddum sem heyrðust á Akranesi þegar ljóst var að konunum yrði boðið að setjast þar að. Þá víkur hún einnig stuttlega að umræðu í netheimum og tekur dæmi, sem óneitanlega hljóta að flokkast sem fordómar og einkennast af fáfræði. Þennan mátt sögunnar hefði mátt skrásetja betur. Hitt má svo sem líka segja, að þá sögu megi segja sérstaklega, á öðrum vettvangi og við annað tækifæri.